



# REKSTRARLEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

Leyfishafi: Matorka ehf.  
Kennitala: 500412-0540  
Aðsetur: Hlíðasmára 6  
Starfsstöð: 201 Kópavogi  
Starfsstöð: Vestan Grindavíkur, svæði i5  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1153  
Leyfið gildir til: 19.10.2036

<u>Starfsemi:</u>	<u>I gildi frá:</u>
AE 1 - Lax / Salmo Salar	19.10.2020
AE 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus	19.10.2020
AE 3 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss	19.10.2020

Landeldi. Hámarkslífmassi 6.000 t. Matfiskeldi. Lax: SAGA stofn. Bleikja: Hólar. Regnbogasilungur: Danmörk.

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitasélaga og næstu veiðifélaga.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogsna.*

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar og að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í fráreynslu stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknim sjúkdónum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis

